

Mál nr. 317/2021**V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X****Sönnun tjónsatviks við Keflavíkurflugvöll 28. desember 2019.****Gögn.**

Málskot, móttekið 18. ágúst 2021.

Bréf V dags. 8. september 2021.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram sú frásögn lögmanns M að M hefi verið við vinnu sína sem fararstjóri að ganga með farþega yfir gangbraut við Keflavíkurflugvöll þegar hópbifreiðinni X hafi verið ekið aftan við hann og skyndilega flautað. Í þann mund sem hann kveðst hafa litið snöggst við hafi bifreiðinni X verið ekið utan í hann þannig að hún lenti á hægri hlið hans og höfði. Í gögnum málsins er m.a. ódagsett atvikaskýrsla þar sem M lýsir því að ekið hafi verið á hann sem bílstjóra, framburðarskýrsla M hjá lögreglu dags. 6. mars 2020 og upplýsingaskýrsla lögreglunnar dags. 14. mars 2020. Í þeirri upplýsingaskýrslu kemur fram að ekki hafi verið hægt að ná sambandi við ökumann bifreiðarinnar X en skv. upplýsingum frá vinnuveitanda hans hafi ágreiningur verið fyrir meint atvik milli M og ökumannsins sem hann saki um að hafa ekið á sig. Einnig kemur fram að M neitar því að kannast við ökumann bifreiðarinnar X og af myndbandsupptökum sem lögreglan yfirför sjáist atvikið ekki.

M telur að bótaskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X og að tjón sé sannað. M vísar til fjölda samtímagagna um tjónsatvikið, hann hafi skrifað atvikaskýrslu hjá eiganda X, atvikið hafi verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins, M hafi leitað daginn eftir til bráðamóttöku og verið sendur til sjúkrahjálfa. Einnig vísar hann til frásagnar leiðsögumanns sem hafi sent tölvupóst 20. janúar 2020 um atvikið. Einnig telur M óskýrt í lögregluskýrslu hvernig farið var yfir gögn úr eftirlitsmyndavélum.

V hefur hafnað bótaskyldu og telur ósannað að bifreiðinni X hafi verið ekið á M. V bendir á að ökumaður bifreiðarinnar X kannski ekki við að hafa ekið á M og almennar upplýsingar liggi fyrir um deilur þeirra á milli fyrir hið meinta tjónsatvik. Einnig bendir V á að við skoðun lögreglu á myndbandsupptökum af svæðinu hafi ekkert sést sem bendi til þess að M hafi verið á svæðinu á þeim tíma sem hann kveðst hafa slasast. V telur einnig að m.v. læknisfræðileg gögn hafi ekki verið sjáanlegir áverkar á M eftir það atvik sem hann lýsir og telur hæpið að hann hafi getað staðið af sér áakstur bifreiðarinnar X án sjáanlegra áverka. Einnig telur V að efni tölvupósts þess sem M vísar til sem vitnis hafi takmarkað sönnunargildi.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr að því hvort sýnt hafi verið fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni vegna notkunar bifreiðarinnar X hinn 28. desember 2019. Lýsing M af atvikum fær enga stoð í myndbandsupptökum af svæði því sem hann gekk um í greint sinn. Engin skýrsla liggur fyrir af ætluðum ökumanni bifreiðarinnar X og tölvupóstur dags. 20. janúar 2020 geymir ekki upplýsingar um nöfn eða nákvæma staðsetningu, né heldur frekari upplýsingar um þann sem tölvupóstinn sendir. Rýrir það sönnunargildi hans. M ber sönnunarbyrði um að það atvik sem hann telur hafa valdið líkamstjóni sínu hafi átt sér stað. Eins og gögn málsins liggja fyrir nefndinni telst sú sönnun ekki komin nægilega vel fram. Hallann af því ber M og á grundvelli áðurnefndra gagna á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V

Reykjavík, 12. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.